



Leiðbeiningar embættis landlæknis um bólusetningar við COVID-19 hjá einstaklingum með sögu um bráðaofnæmiskast (e. anaphylaxis)

Byggja á [leiðbeiningum FÍOÓL um sama efni](#)

Á bólusetningastað þarf að vera til staðar búnaður til fyrstu meðferðar bráðaofnæmis, að *lágmarki* adrenalin (t.d. epipen)

Ef saga er um bráðaofnæmi er rétt að bólusetja þar sem aðstaða er til að sinna bráðveikum sjúklingum s.s. á heilsugæslu eða sjúkrahúsi, en ekki í heimahúsi.

Eftir bólusetningu við COVID-19 á að fylgjast með öllum í 15 mín. til 30 mín.

Mælt er með að hafa [plakat um bráðaofnæmi og meðferð](#) á áberandi stað þar sem bólusett er við COVID-19

Eftirfarandi ofnæmissjúklinga á ekki að bólusetja við COVID-19:

Einstaklingar með sögu um bráðaofnæmiskast

- af óþekktum toga
- vegna fyrri bólusetningar
- vegna annarra lyfja sem gefin eru í vöðva eða undir húð
- vegna ofnæmis fyrir *polyethylene glycol (PEG)* eða *polysorbate* (Tween 80)

Einstaklinga sem fá bráðaofnæmiskast eða *önnur ofnæmiseinkenni* (útbrot og kláða, andþyngsli, ofsabjúg) eftir fyrsta skammt COVID-19 bóluefnis á ekki að bólusetja aftur.

Vísa á ofangreindum einstaklingum til göngudeildar ofnæmislækninga LSH.

Ef einhver vafi er til staðar um hvort bólusetja eigi viðkomandi einstakling er ráðlagt að senda tilvísun til göngu-deildar ofnæmislækninga LSH eða til sérfræðinga í ofnæmis- og ónæmislækningum til frekara mats.

Eftirfarandi ofnæmissjúklinga má bólusetja gegn COVID-19:

Þessir einstaklingar eru ekki líklegri til að fá bráðaofnæmiskast við bólusetningu en almennt þýði.

Einstaklingar með sögu um bráðaofnæmiskast vegna:

- Fæðuofnæmis
- Latexofnæmis
- Skordýraofnæmis (s.s. vegna geitunga, býflugna)
- Loftborinna ofnæmisvalda (dýra, frjókorna, myglu, rykmaura)
- Lyfja sem gefin eru um munn

Ættarsaga um bráðaofnæmiskast er *ekki* frábending fyrir bólusetningu við COVID-19.

Aðrir hópar sem bólusetja ætti þar sem aðstaða er til að sinna bráðveikum og fylgjast með í 30 frekar en 15 mín.:

- Einstaklingar með astmaeinkenni eða óstabilan astma
- Einstaklingar með undirliggjandi mastfrumuger (mastocytosis)

Athugið að einstaklingar á beta-blokkum eru ekki líklegri en aðrir til að fá ofnæmisviðbrögð en svara ef til vill síður fyrstu meðferð (adrenalini) ef ofnæmi kemur fram og er því mikilvægt að koma viðkomandi undireins á stað þar sem aðstaða er til að sinna bráðaofnæmiskasti.

Meðferð bráðaofnæmiskasts eftir COVID-19 bólusetningu:

Einkenni: Útbrot, kláði, bjúgur, andþyngsli, kviðverkir, uppköst, blóðþrýstingsfall (sjá [plakat](#))

1. GEFA STRAX ADRENALIN í vöðva á utanvert lærið

- EPIPEN: 0,3 mg per skammt.
- Adrenalín 1 mg/ml lausn (1:1000): 0,5 ml af 1:1,000 (1 mg/ml; 0,01 mg/kg ef undir 50 kg).
- Skráðu tímasetningu gjafar og skammt.
- Endurtaktu eftir 5–15 mínútur, ef þörf krefur. Flestir sjúklingar svara 1 eða 2 skömmtum.

Samtímis því að adrenalín er gefið eða strax í kjölfarið þarf að hringja á sjúkrahúli þar sem eftirlit þarf á sjúkrahúsi eftir bráðaofnæmiskast í að lágmarki 4–6 klst. vegna möguleika á síðkominni versnun einkenna.

2. SJÚKLINGI HAGRÆTT:

- Leggðu sjúkling á bakið eða í þægilega stellingu ef andþyngsli og/eða uppköst, losaðu um þröng klæði ef við á
- Hækkaðu undir fótleggjum og gættu þess að sjúklingur setjist ekki eða standi skyndilega upp.

3. SÚREFNI:

- Ef þörf, gefðu súrefni til að halda uppi súrefnismettun.

4. ÆÐALEGGUR:

- Setja upp æðalegg eins fljótt og hægt er, helst grófur leggur (14–16G).
- Ef þörf, gefðu 1 lítra af vökva hratt í æð (5–10 ml/kg á fyrstu 5–10 mínútum hjá fullorðnum).
- Oft er þörf fyrir frekari vökvagjöf (endurteknum bólus og/eða viðhaldsvökvi).

5. ÖNNUR LYF:

- Ekki hefur verið sýnt fram á gagnsemi annarra lyfja við bráðaofnæmiskasti.
- Ef ákveðið er að gefa andhistamín má nota t.d.
 - dífenhýdrámín 50 mg i.v. (1 mg/kg ef undir 50 kg)
 - eða histasín 20 mg p.o. (2 töflur)

ATH! Andhistamín er aldrei fyrsta lyf í bráðaofnæmiskasti, það er notað við útbrotum og kláða í vægu ofnæmi.

Æskilegur búnaður til meðferðar og eftirlits við bráðaofnæmiskast:

Sprautur (1 mL, 2 mL, 10 mL, 20 mL)

Spritt og bómull/grisjur eða sprittpúðar

Plástrar

Latex fríir hanskar

Nálar (6–11 mm)

Æðaleggir (14G, 16G, 17G, 18G, 21G, 23G), e.t.v. beinmergsnálar

Vökvakerfi til inndælingar á vökva í æð/beinmerg (NaCl og Ringer lausnir)

Andlitsgríma fyrir súrefni (fullorðinsstærð)

Súrefni

Ambubelgur

Tæki til barkaþræðingar 6–10 cm

Ventolin í úðastauk og belgur fyrir úðastauk

BP mælir

Hlustunarpípa

Mettunarmælir

EKG/lífsmarkasíriti